

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 92/64/EBE

frá 13. júlí 1992

## um breytingu á tilskipun ráðsins 70/524/EBE um aukefni í fóðri

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri <sup>(1)</sup> eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/620/EBE <sup>(2)</sup>, einkum 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í tilskipun 70/524/EBE er kveðið á um að efni við-  
auka hennar verði breytt reglulega með hliðsjón af fram-  
förum á sviði vísinda- og tæknipækkingar. Viðaukarnir  
hafa verið kerfisskráðir í tilskipun framkvæmdastjórnarinn-  
ar 91/248/EBE <sup>(3)</sup>.

Notkun sýklalyfsins „avílamýsíns“, hníslalyfjanna „lasaló-  
síðnatríums“ og „madúramísínammóníums“ auk bindiefnis-  
isins „syntetísks kalsíumálats“ hefur verið nákvæmlega  
prófuð í tilteknum aðildarríkjum. Svo virðist sem unnt sé að  
heimila notkun á þennan nýstárlega hátt hvarvetna í banda-  
laginu á grundvelli fenginnar reynslu.

Aukefnið „sinkoxíð“ getur með hliðsjón af uppruna sínum  
innihaldið umtalsvert magn að blýi og þar sem viðeigandi  
er að takmarka innihald þessara efna í því skyni að koma í  
veg fyrir óæskileg heilsufarsáhrif.

Ný notkun sníklalyfsins „halófúgínóns“ auk bindiefnisins  
„syntetísks kalsíumálats“ hefur verið prófuð með góðum  
árangri í tilteknum aðildarríkjum. Slíka nýja notkun ber að  
heimila til bráðabirgða innanlands meðan beðið er eftir að  
þau séu heimiluð á vettvangi bandalagsins.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í  
samræmi við álit fastanefndarinnar um fóður.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Viðaukum við tilskipun 70/524/EBE er hér með breytt eins  
og fram kemur í viðaukanum hér á eftir.

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja, í síðasta lagi fyrir 31. mars  
1993 nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að  
1. gr. Þeim ber að tilkynna framkvæmdastjórninni það þegar  
í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í  
þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun  
þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja  
nánari reglur um slíka tilvísun.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. júlí 1992.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ray MAC SHARRY

*framkvæmdastjóri.*

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 270, 14. 12. 1970, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 334, 5. 12. 1991, bls. 62.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 124, 18. 5. 1991, bls. 1.

VIÐAUKI

1. Í I. viðauka:

a) Í A-hluta „Sýklalyf“ bætist eftirfarandi við:

EBE-nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Dýrategund eða -flokkur	Hámarksaldur	Lágmarks-	Hámarks-	Önnur ákvæði
					magn	magn	
					heilfóður, mg/kg		
E 717	Avílamýsín	$C_{57-62}H_{82-90}Cl_{1-2}O_{31-32}$ (Blanda ólígósakkaríða úr ortósómýsínhópi framleitt af <i>Streptomyces viridochromogenes</i> )	Mjólkurgrísir Grísir	4 mánaða 6 mánaða	20 10	40 20	— —

b) í D-hluta „Hníslalyf og önnur lyf“:

aa) í liðnum E 763 „Lasalósíðnatrím“ bætist eftirfarandi við:

EBE-nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Dýrategund eða -flokkur	Hámarksaldur	Lágmarks-	Hámarks-	Önnur ákvæði
					magn	magn	
					heilfóður, mg/kg		
			Kalkúnar	12 vikna	90	125	Notkun bönnuð a.m.k. 5 dögum fyrir slátrun Tilgreina skal eftirfarandi í notkunarleiðbeiningum: „Þetta fóður inniheldur jónófor: ekki er ráðlegt að nota það samtímis og tiltekin lyf eru notuð (t.d. tíamúlín)“

bb) eftirfarandi liður bætist við:

EBE-nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Dýrategund eða -flokkur	Hámarksaldur	Lágmarks-	Hámarks-	Önnur ákvæði
					magn	magn	
					heilfóður, mg/kg		
E 770	Madúramísínammóníum	$C_{47}H_{83}O_{17}N$ (ammóníumsalt af pólýetermónókarboxýlsýru framleitt af <i>Actinomadura yumaensis</i> )	Holdakjúklingar	—	5	5	Tilgreina skal eftirfarandi í notkunarleiðbeiningum: „— Notkun bönnuð a.m.k. fimm dögum fyrir slátrun — Hættulegt hrossum“ „Þetta fóður inniheldur jónófor: ekki er ráðlegt að nota það samtímis og tiltekin lyf eru notuð (t.d. tíamúlín)“

c) í I-hluta „Snefilefni“ liðnum E 6 „Sink — Zn“ komi ábendingin „Hámarksinnihald blýs: 600 mg/kg“ í dálkinn „Önnur ákvæði“ fyrir „Sinkoxíð“.

d) í L-hluta „Bindiefni, kekkjavarnar- og storkuefni“:

aa) í lið E 558 „Bentónít montmórrillónít“ í dálknum „Önnur ákvæði“ komi orðin „Róbenidín, madúramísínammóníum“ í stað orðanna „og róbenidín“

bb) eftirtöldum lið er bætt við:

EBE-nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Dýrategund eða -flokkur	Hámarksaldur	Lágmarks-	Hámarks-	Önnur ákvæði
					magn	magn	
					heilfóður, mg/kg		
E 598	Syntetískt kalsíumálat	Blanda kalsíumálata sem inniheldur milli 35 og 51% af $Al_2O_3$  Hámarksinnihald af mólýbdeni 20 mg/kg	Alifuglar, kanínur og svín	—	—	20 000	Allt fóður

2. Í II. viðauka:

a) í D-hluta „Hníslalyf og önnur lyf“ bætist eftirfarandi liður við:

Nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Dýrategundir	Hámarksaldur	Lágmarks-	Hámarks-	Önnur ákvæði	Gildistími heimildar
					magn	magn		
					heilfóður, mg/kg			
25	Halófúgínón	dí-trans-7-brómó-6-klór-3-[3-(3-hýdroxý-2-píperídýl)asetónýl] kvínsasólín-4(3H)-eitt hýdróbrómíð	Varphænur	16 vikur	3	3	—	30. 11. 1993

b) í L-hluta „Bindiefni, kekkjavarnar- og storkuefni“ bætist eftirfarandi við:

Nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Dýrategundir	Hámarksaldur	Lágmarks-	Hámarks-	Önnur ákvæði	Gildistími heimildar
					magn	magn		
					heilfóður, mg/kg			
			Mjólkurkúr Holdanaut, kálfar, lömb og kiðlingar	—	—	} 8 000	} Allt fóður	30. 11. 1993